

Laxar Fiskeldi ehf.  
Hlíðasmára 4  
201 Kópavogur

Reykjavík, 15. júlí 2021  
UST202101-140/H.S.J.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 25.5.21 hjá Löxum fiskeldi ehf., Reyðarfirði**

Þann 25. maí sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Laxa fiskeldis ehf, Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en tvö frávík komu fram er varða:**

1. Gr. 2.10 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal ganga þannig um eiturefni og hættuleg efni að ekki sé hætt á því að þau berist í umhverfið. Mauraýra var ekki geymd í tilætlaðri lokaðri geymslu, til varnar þess að ílátið ásamt innihaldinu geti farið í sjóinn, heldur var ílátið laust ofan á prammanum og sýrunni dælt þaðan í meltutank.
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila ársyfirliti með niðurstöðum skráninga og mælinga vegna undangengins árs fyrir 1. maí ár hvert. Vöktunarskýrslur vegna þeirra vöktunar sem fór fram á árinu 2020 bárust ekki fyrir 1. maí sl. **Skýrslurnar bárust 4. maí og er frávikinu því lokað.**

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 9. ágúst 2021.**

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
sérfræðingur